



Fundargerð

340. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 14. júní 2012, kl. 16:30

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJO), Sveinn Ragnarsson (SR) og Eggert Ólafsson (EÓ) í forföllum Ástu Sjafnar Kristjánsdóttur (ÁSK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE)sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka fimm mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. **338 og 339. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps 16. og 23. maí 2012.**
Farið yfir fundargerðir og þær samþykktar.

2. **Skipulags- og bygginganefnd 11. júní 2012.**
Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

1102005 – Deiliskipulag Tröllenda í Flatey. Bókun samþykkt

1106002 – Breyting á aðalskipulagi 2006-2018 vegna deiliskipulagstillögu Þórisstöðum. Bókun samþykkt.

1205033 – V3 á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, umsókn um byggingalóð.

Meirihluti sveitarstjórnar tekur jákvætt í bókun nefndarinnar og felur sveitarstjóra að hefja undirbúning málsins.

EK vill koma eftirfarandi bókun á framfæri; Undirritaður leggst alfarið gegn hverskonar mannvikjagerð á lóð sem merkt er V3 neðan við Langavatn. Þetta svæði er viðkvæmt varpsvæði ýmissa fugla og samrýmist illa ásýnd Reykhóla að byggja þar, enda eru nægar aðrar byggingalóðir í boði.

1206004 – Suðurbraut 3, umsókn um byggingalóð. Bókun samþykkt.

1206005 – Hólatröð 5 213213 og Hólatröð 7 213215 umsókn um byggingalóð. Bókun samþykkt.

1206031 – Grænigarður 139761, byggingaleyfi. Bókun samþykkt.

1206032 – Gufudalsland 6 219796, breyting á nafni lóðar. Bókun samþykkt.

1206033 – Kötluland 139665, samningur um endurheimtur á votlendi. Bókun samþykkt. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við Vegagerðina.

1206034 – Vegstæði 219906, Karlseyjarvegur, Mávavatnsvegur, niðufelling af vegaskrá. Sveitarstjórn Reykhólahrepps mótmælir harðlega ákvörðun Vegagerðarinnar að taka Karlseyjarveg og Mávavatnssveg af vegaskrá og óskar eftir því að Vegagerðin nýti sér heimild í 8. gr. vegalaga um stofnvegi að höfnum.

1201002 – Reykhólahöfn, umsókn um byggingalóð. Bókun samþykkt.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 15. maí 2012.

Farið yfir fundargerð

Sorptunnur og moltugerðarílát. Bókun samþykkt.

Opnunartími gámasvæðis. Bókun samþykkt.

Gjaldtaka á fyrirtæki og stofnanir. Bókun samþykkt.

Gámar á gámasvæði. Sveitarstjóri tilkynnti að komið hefði í ljós að umræddir gámar voru illa farnir.. Keyptur var gámur í tilboði Gámaþjónustu Vesturlands. Samþykkt.

Annað til athugunar. Bókun samþykkt.

Sveitarstjóri kynnti að rætt hafi verið við eiganda Króksfjarðarness um flutning á sorpgámi frá kaupfélagshúsinu upp á Hyrnumel, var tekið mjög jákvætt í þá tillögu. Vegna mannaþreyinga hjá Gámaþjónustu Vesturlands hefur gengið hægar að innleiða flokkun en til stóð.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

4. 12. fundur Velferðarnefndar 9. maí 2012, ásamt starfslýsingu forstöðumanns félagsstarfs aldraðra, trúnaðarmál.

Farið yfir fundargerð.

Starfslýsing forstöðumanns félagsstarfs aldraðar. Bókun og starfslýsing samþykkt.

Fundargerð samþykkt í heild sinni.

Trúnaðarmál. Erindi frá félagsmálastjóra dagsett 15. maí 2012. Fundi lokað á meðan trúnaðarmál er tekið fyrir. Bókun rituð í trúnaðarbók. Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu:

1. 1206029 - Kosning oddvita, varaoddvita og tveggja skrifara.

Skv. samþykkt um stjórn og fundarskóp Reykhólarhepps.

Andrea Björnsdóttir er endurkjörin oddviti sveitarfélagsins, Eiríkur Kristjánsson endurkjörin varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Sveinn Ragnarsson endurkjörinn skrifarar. Samþykkt samhljóða.

2. 1205007 – Fjallskilasamþykkt fyrir Barðarstrandar- og Ísafjarðarsýslur.

Seinni umræða.

Fyrri umræða um fjallskilasamþykkt fór fram á fundi sveitarstjórnar þann 16. maí við afgreiðslu fundargerðar fjallskilaneftndar frá 2. maí, því fer nú fram síðari umræða. Fjallskilasamþykkt lögð fram til síðari umræðu og hún samþykkt samhljóða.

3. 1206021- Sumarfrí nefnda.

Tillaga frá oddvita Reykhólarhepps dagsett 7. júní 2012.

Lögð er fram tillaga oddvita um sumarfrí allra starfandi nefnda sveitarfélagsins þar með talin hreppsnefnd í júlí. Næsti lögboðni fundur hreppsneftndar verður 16. ágúst 2012. Samþykkt samhljóða.

4. 1203010- Gjafabréf Vogalands, sala á Vogalandi.

Undirritaður kaupsamningur um Vogaland.

Á fundi sveitarstjórnar þann 8. mars 2012 var tekið til afgreiðslu kauptilboð í eignina Vogaland, Króksfjarðarnesi, sveitarstjóra var falið að gera gagntilboð, sem samþykkt var af tilboðsgjafa.

Lagður er fram undirritaður kaupsamningur/afsal vegna sölu á Vogalandi. Söluverð er kr. 2.100.000,- . Með kaupnum fellur niður gjafabréf og tilheyrandi kvaðir þess og lóðaleigusamningur um lóð undir fasteignina alls 5.920 m²., þar sem fasteignin og lóðarréttindi hennar eru komnar á eina hendi.

Samþykkt samhljóða.

5. 1206037 - Lokun Landsbankans í Króksfjarðarnesi.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps harmar að eina bankaútibúið, útibú Landsbankans í Reykhólahreppi hafi verið lagt niður 31. maí. Ákvörðun sem barst með tilkynningu frá Landsbankanum 24. maí. Sveitarstjórnin lýsir vanþóknun sinni á framkvæmd lokunarinnar og framkomu bankans við íbúa sveitarfélagsins.

GJO leggur fram eftirfarandi tillögu; Ég undirritaður legg til að sveitarstjórn Reykhólahrepps flytji viðskipti sín frá Landsbanka Íslands yfir til Sparisjóðs Strandamanna. Tillagan er samþykkt.

6. 1206022 –Afskriftir þing- og sveitarsjóðsgjalda.

Erindi frá Sýslumanninum á Patreksfirði dagsett 14. maí 2012.

Sýslumaðurinn óskar heimildar til að afskrifa óinnheimtanleg þing- og sveitarsjóðsgjöld skv. erindinu. Sveitarstjórn heimilar afskriftir skv. erindinu. Samþykkt samhljóða.

7. 1206028 – Vestfjarðavíkingurinn 2012.

Erindi frá Félagi Íslenskra kraftamanna, dagsett 22. maí 2012, þar sem óskað er eftir því að Reykhólahreppur taki þátt í verkefninu.

Sveitarstjórn Reykhólarhepps samþykkir að taka þátt í verkefninu Vestfjarðavíkingurinn 2012 sem fram fer á Vestfjörðum dagana 5. til 7. júlí árið 2012. Samþykkt samhljóða.

8. 1206047 - Styrkbeiðni vegna reksturs Afslins 2012.

Erindi frá Alflinu, systursamtökum Stígamóta á Norðurlandi dagsett 26. apríl 2012.

Styrkbeiðni hafnað. Samþykkt samhljóða.

9. 1205014 - Slökkvistöð í Kvíkindisfirði.

Erindi frá Áttahagafélagi Múlahrepps dagsett 18. maí 2012.

Erindinu vísað til brunamála- og almannavarnanefndar. Samþykkt samhljóða.

10. 1203014 – Landsskipulagsstefna 2013 – 2024.

Drög að yfirliti yfir stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum er varða landnotkun. Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 2. maí 2012.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerir ekki athugasemdir við framkomna tillögu. Samþykkt samhljóða.

Til kynningar

11. 1206038 – Dagur íslenskrar náttúru 16. september 2012.

Erindi frá Umhverfiráðuneytinu dagsett 30. maí 2012.

Kynnt, erindinu vísað til kynningar í umhverfis- og náttúruverndarnefnd. Samþykkt samhljóða.

12. 1206039 – Ályktun frá aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða 2012.

Erindi frá stjórn Búnaðarsambands Vestfjarða dagsett 14. maí 2012.

Kynnt.

13. 1206 – Styrktarsjóður EBÍ 2012

Erindi frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands dagsett 22. maí 2012.

Kynnt. Sveitarstjóra falið að kanna möguleika á umsókn. Samþykkt samhljóða.

14. 1206 – Samanhópurinn, samvera foreldra og unglunga.

Erindi frá Samanhópnum dagsett 23. maí 2012.

Kynnt.

15. 1206 – Stjórnarfundir Fjórðungssamband Vestfirðinga 7. 18. og 30. maí 2012, ásamt eftirfarandi ályktunum og umsögnum.

1. Ályktun vegna Landsbankans hf.
2. Ályktun vegna ákvörðunar ríkisstjórnar um flýtingu Dýrafjarðarganga í samgönguáætlun 2011-2022.
3. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lagningu heildsársvegar í Árneshrepp (815. mál, 140 löggjafapings 2011-2012).

Fundargerðir og liður 1,2 og 3 kynntur.

16. 12060- Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vestfjarða 25. apríl 2012. Ársskýrsla og ársreikningur 2011 (Lagt fram á fundi).

Fundargerð, ársskýrsla og ársreikningur 2011 lögð fram. Kynnt.

17. 12060 – Fundargerð heilbrigðisnefndar 27. apríl 2012, starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðarsvæðis 2011 (skýrsla lögð fram á fundi).

Fundargerð og starfsskýrsla lögð fram og kynnt.

18. 12060 - Ársskýrsla Orkubús Vestfjarða 2011.

Ársskýrsla lögð fram og kynnt.

19. 12060 - Fundargerð 797. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

20. 1206048 - Tímabundið leyfi frá sveitarstjórnarstörfum

Erindi frá Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur sveitarstjórnarmanni, ósk um tímabundið leyfi frá störfum skv. 30. gr. sveitarstjórnarlaga 2011 nr. 138 til 1. október 2012.

Hreppsnefnd samþykkir erindið. Eggert Ólafsson tekur sæti í sveitarstjórn í stað Ástu Sjafnar Kristjánsdóttur til 1. október 2012.

21. 1206049 - Forsetakosningar 2012

Erindi frá formanni kjörstjórnar Reykhólahrepps dagsett 14. júní 2012, er varðar staðsetningu á kjörfundi vegna forsetakosninganna 2012. Kjörfundur hefur verið haldinn í Bjarkalundi síðasliðin ár, en nú ber svo við að hótelið er upptekið laugardaginn 30. júní 2012. Kjörstjórn leggur til að kjörfundur verði haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna. Kjörfundur vegna forsetakosninga 2012 verður í stjórnsýsluhúsi Reykhólahrepps.

22. 1206050 – Styrkbeiðni vegna söfnunar skemmtiefnis í Reykhólahreppi.

Erindi frá Hörpu Eiríksdóttur dagsett 12. júní 2012, þar sem hún óskar eftir styrk að upphæð kr. 60.000 vegna vinnu við öflunar á upptökum af þorablótum, leikritum og fl. og útgáfu þeirra.

Sveitarstjórn samþykkir styrk að upphæð 50.000 kr. til verkefnisins.

23. 1206051 – Hellnahólsflöt og Stekkjarholt.

Erindi frá Gunnari Dofra Ólafssyni, Lagastoð, dagsett 12. júní 2012.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

24. 1206052 – Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf., ársreikningur og starfsskýrsla 2011

Ársreikningur og starfsskýrsla lögð fram á fundinum og kynnt.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19:30
